

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 26. mars 2008 í máli nr. S-14/2008:

Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

Guðbrandi Baldurssyni

(Tryggvi Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 12. febrúar 2008 á hendur ákærða, Guðbrandi Baldurssyni, kt., til heimilis í Vatnsfirði, Súðavíkurbreppi;

„fyrir rangan framburð fyrir rétti, með því að hafa 19. nóvember 2007, er hann kom fyrir Héraðsdóm Vestfjarða sem vitni í héraðsdómsmálinu nr. S-64/2007: Akærvaldið gegn Páli Aðalsteini Svanssyni, ranglega borið að hafa ekki orðið vitni að ölvunarakstrinum sem það mál snerist um og að framburður hans um málsatvik í lögregluskýrslu frá 10. júlí 2007 væri rangur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976.

Þess er krafist það ákærði verði dæmdur til refsingar.“

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 2007 barst lögreglunni á Vestfjörðum tilkynning þess efnis að tveir ölvaðir menn væru með ólæti í Reykjanesi við Ísafjörð. Fylgdi sögunni að tilkynnandi, ákærði í máli þessu, teldi að mennirnir ætluðu sér að aka bifreið og væru þeir að reyna að gangsetja hana. Er lögreglumenn komu á vettvang komu þeir auga á bifreiðina Y-1301 á bifreiðastæði og var Páll Aðalsteinn Svansson sofandi undir stýri bifreiðarinnar.

Ákærði gaf skýrslu fyrir lögreglu 10. júlí 2007 vegna ofangreindra atvika. Í skýrslunni var eftirfarandi meðal annars eftir honum bókað:

Guðbrandur segir að Páll hafi verið búinn að vera við áfengisdrykkju um nóttina og orðinn talsvert ölvaður. Guðbrandur segir að seint um nóttina hafi hann séð Pál fara inn í bifreiðina Y-1301 og setjast undir stýri hennar og gera sig líklegan til að

gangsetja bifreiðina. Hann hafi svo fylgst með Páli þegar Páll hafi látið bifreiðina renna aftur á bak u.þ.b. 15 til 20 metra eins og hann væri að reyna að gangsetja bifreiðina. Guðbrandur segir að Páll hafi verið einn í bifreiðinni þegar hann hafi látið hana renna aftur á bak. Guðbrandur kvaðst hafa hringt í lögregluna og tilkynnt henni að Páll væri að reyna að fara á bifreiðinni frá Reykjanesi að vinnubúðum KNH í Vatnsfirði þar sem Páll dvaldi. Guðbrandur segir að eftir að Páll hafi látið bifreiðina renna aftur á bak hafi Páll sofnað undir stýri hennar.

Í vitnaskýrslu sinni fyrir dómi 19. nóvember 2007 bar ákærði hins vegar að framangreind málsatvikalýsing hans væri röng. Hann hefði ekki séð Pál Aðalstein fara inn í bifreiðina Y-1301 og færa hana eins og lýst sé í skýrslunni. Rétt væri að ákærði hefði veitt því athygli að bifreiðin hafði verið færð en hver það gerði gæti hann ekki um borið. Framburð sinn fyrir lögreglu 10. júlí 2007 skýrði ákærði með hefnigirni í garð Páls Aðalsteins, hann hefði verið Páli reiður.

Enn var tekin skýrsla af ákærða 5. desember 2007 vegna umræddra atvika. Við það tækifæri var meðal annars eftir honum bókað af lögreglu:

Mætta er sýnd framburðarskýrsla sú er hann gaf hjá lögreglunni þann 10. júlí sl. vegna máls þessa.

Eftir skoðun skýrslunnar segist hann staðfesta að hafa greint lögreglunni frá eins og fram kemur í umræddri framburðarskýrslu. Eins staðfestir hann að hafa undirritað skýrsluna sem rétt hafða eftir honum.

Þá segist mætti staðfesta að hafa hringt til lögreglunnar þann 10. júní sl. úr Reykjanesi og tjáð lögreglunni að Páll Aðalsteinn Svansson hafi ekið eða reynt að aka bifreiðinni Y-1301.

[---]

Guðbrandur segist geta staðfest að allt sem hann hafi tjáð lögreglunni hvað varðar mál þetta, meintan ölvunarakstur Páls Aðalsteins Svanssonar, sé sannleikanum samkvæmt. Hins vegar segist mætti hafa breytt þeim framburði sem hann gaf hjá lögreglunni þegar hann kom fyrir dóm ...

Nánar aðspurður um ástæðuna segist mætti hafa verið beittur áköfum þrýstingi að breyta framburði sínum fyrir dómi ... Hann segir að þessi þrýstingur hafi komið frá nefndum Páli Aðalsteini í mörgum símhringingum Páls Aðalsteins til mætta og eins samtölum sem Páll Aðalsteinn hafi átt við mætta inn í Reykjanesi, eftir að búið var að gefa út ákæru á hendur Páli Aðalsteini og ljóst að mætti væri eitt aðalvitnið í málinu gagnvart Páli Aðalsteini.

[---]

... Hann hafi því, eftir að hafa fengið þessi ótalmörgu símtöl frá Páli fram að réttarhaldinu, ákveðið að breyta framburði sínum fyrir dómi, Páli Aðalsteini í hag. Þrátt fyrir að mætti vissi betur, þ.e.a.s. að það sem hann hafi séð til Páls Aðalsteins, reyna að aka bifreiðinni í umrætt sinn undir áhrifum áfengis, eins og mætti tjáði

lögreglunni, væri sannleikurinn einn.

Mætti segist eiginlega fyrst nú gera sér almennilega grein fyrir alvarleika málsins, þ.e.a.s. að með því að koma Páli Aðalsteini undan sök sé mætti að koma á sjálfan sig mikilli ábyrgð. Hann segist harma mjög orðinn hlut og vísar til þess að hann hafi verið undir miklum þrýstingi að breyta framburði sínum fyrir dómi.

Undir rannsókn máls þessa tók lögregla jafnframt skýrslu af Páli Aðalsteini Svanssyni. Neitaði Páll Aðalsteinn að hafa þvingað ákærða til að breyta framburði sínum gegn betri vitund. Kannaðist Páll Aðalsteinn ekki við að hafa á nokkurn hátt beðið eða þrýst á ákærða að skýra öðruvísi frá en samviska hans leyfði. Páll Aðalsteinn kannaðist hins vegar við að hafa í einhverjum samtölum rætt umrætt atvik við ákærða en í þeim samtölum hefði hann aðeins spurt ákærða þess hvort hann væri viss um að hafa séð sig aka eða reyna að aka umræddri bifreið.

II.

Ákærði kom fyrir dóm 5. mars sl. og viðurkenndi brot sitt eins og því er lýst í ákæru. Að fram kominni játningu ákærða gaf dómari sækjanda og verjanda færi á að tjá sig um lagaatriði og viðurlög en tók málið því næst til dóms með vísan til 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sætti sú málsmeðferð ekki mótmælum af hálfu ákæruvalds.

Eins og mál þetta liggur fyrir þykir verða að leggja játningu ákærða til grundvallar niðurstöðu í málinu. Með játningunni, sem nægjanlega þykir studd framlögðum sakargögnum, telst lögfull sönnun fram komin fyrir því að ákærði hafi framið brot það sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er réttilega fært til refsíákvæða.

III.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar í máli þessu.

Að broti ákærða virtu þykir refsing hans hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Eftir atvikum þykir með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga mega fresta fullnustu refsingar ákærða og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála dæmist ákærði til að greiða sakarkostnað málsins, sem samkvæmt gögnum þess er eingöngu þóknun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Guðmundssonar hdl., sem hæfilega telst ákveðin 55.776 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Guðbrandur Baldursson, sæti fangelsi í þrjú mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 55.776 krónur í sakarkostnað.

Kristinn Halldórsson